

16. október 2025

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks**

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur kynnt til samráðs drög að frumvarpi til laga um réttindavernd fatlaðs fólks með það fyrir augum að styrkja og uppfæra lagaumgjörð sem fjallar um réttarvernd fatlaðs fólks og skýra betur ábyrgð þeirra aðila sem koma að málum er varða réttindavernd þess.

Í greinargerð með frumvarpsdrögunum, nánar tiltekið í kafla 3.4, er fjallað um að ákveðinn hópur fatlaðs fólks mæti kerfislægum hindrunum við aðgang að fjármálum sínum, sér í lagi þeir einstaklingar sem, vegna skerðinga er þeir búa við, geta ekki nýtt sér rafræn skilríki. Af þeim sökum er talin þörf á lagabreytingum sem tryggja fötluðu fólki raunverulegan aðgang að eigin fjármálum og veita nauðsynlegu stuðnings- og aðstoðarhlutverki viðeigandi lagastoð.

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (hér eftir „SFF“ eða „samtökin“) fagna jákvæðum markmiðum fyrirhugaðrar lagasetningar um að tryggja fötluðu fólki raunverulegan aðgang að fjármálum sínum. Samtökin telja þó nauðsynlegt að benda á að frumvarpsdrögin þarfnast breytinga svo tilætluðum markmiðum verði náð með lagabreytingunni.

Athugasemdir SFF lúta einkum að nánar tilgreindum greinum í III. kafla frumvarpsdraganna er snýr að persónulegum talsmönnum og umboðsmönnum fatlaðs fólks.

**I. Ábendingar varðandi greinar í III. kafla frumvarpsins****6. gr. frumvarpsins**

Í 1. mgr. 6. gr. er mælt fyrir um að fatlaður einstaklingur, sem vegna fötlunar sinnar á erfitt með að gæta hagsmuna sinna, skuli eiga rétt á persónulegum talsmanni. Í umfjöllun greinargerðar um 6. gr. kemur fram að ekki beri að túlka orðið fötlun þrengra en tilefni er til og er sýslumanni falið að meta eftir aðstæðum hverju sinni hvort einstaklingur skuli eiga rétt á persónulegum talsmanni eða ekki. SFF benda á að í frumvarpsdrögunum er hvorki fjallað nánar um á hvaða forsendum mat sýslumanns skuli byggt né að öðru leyti hvaða viðmið einstaklingur þurfi að uppfylla til að viðkomandi geti átt rétt á persónulegum talsmanni.

Í 2. mgr. er lagt til að hinn fatlaði einstaklingur og persónulegur talsmaður hans geri með sér samkomulag þar sem nánar er afmarkað að hverju aðstoðin lúti og hverjar heimildir persónulegs talsmanns séu. Í 4. tölul. 13. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra verði falið að setja nánari reglur um form og efni samkomulags og umboðs, en í umfjöllun greinargerðar um 4. tölul. kemur fram að ráð sé gert fyrir að sýslumaður útbúi stöðluð sniðmát af skjölunum á grundvelli reglnanna. SFF fagna því að fyrirhugað sé að útbúin verði stöðluð form og taka undir að gæta þurfi samræmis í framkvæmd sýslumanns varðandi form og efni staðfestinga. Samtökin telja þó mikilvægt að með skýrum hætti komi fram í samkomulagi/umboði hverjar heimildir persónulegs talsmanns/umboðsmanns séu þegar þeir koma fram fyrir hönd fatlaðra einstaklinga gagnvart þjónustuaðila. Í dæmaskyni mætti nefna

starfsmann viðskiptabanka sem fær undirritað eintak samkomulags í hendur, en mikilvægt er að slíkur starfsmaður velkist ekki í vafa um heimildir persónulega talsmannsins og sjái greinilega að samkomulagið hafi verið staðfest af sýslumanni. Mikilvægt er að gæta að þessu þannig að enginn vafi leiki á því að um gilt umboð sem stafi frá réttum aðila sé að ræða, m.a. til þess að forða því að aðilar sem ekki eru persónulegir talsmenn samkvæmt frumvarpinu misnoti aðstöðu sína gagnvart viðkvæmum hópi.

### **9. gr. frumvarpsins**

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um brottfall samkomulags um persónulegan talsmann, en lagt er til að sýslumaður gefi út staðfestingu á brottfalli samkomulags og beri jafnframt að grípa til aðgerða til að tryggja að þriðji maður sé upplýstur um brottfall samkomulagsins. Í umfjöllun greinargerðar um 9. gr. frumvarpsins kemur fram að sýslumanni beri að gefa út skjal til staðfestingar á brottfalli samkomulagsins og „þeim sem málið varðar“ um brottfall samkomulagsins.<sup>1</sup> Í framhaldinu er mælt fyrir um að sýslumanni geti eftir atvikum borið að grípa til aðgerða sem tryggja að þriðji maður sé upplýstur um brottfallið, en það velti á þeim heimildum sem persónulegur talsmaður hafði samkvæmt samkomulaginu.

Lagt er til að sýslumanni beri að grípa til aðgerða til að tryggja að þriðji maður sé upplýstur um brottfall samkomulags, en skylda sýslumanns gagnvart þriðju aðilum er ekki skýrð nánar. Í umfjöllun greinargerðar eru ekki veittar nánari upplýsingar um þær ráðstafanir sem sýslumanni ber að grípa til, en SFF þykja tilefni til nánari umfjöllunar um tilkynningarskyldu sýslumanns gagnvart þriðju aðilum. Tilgangi gæti þjónað að skilgreina boðleið fyrir slíkar tilkynningar, en samtökin velta fyrir sér hvort unnt sé að koma á fót beinni tengingu á milli kerfa sýslumanns og þeirra aðila sem reglulega þjónusta fatlaða einstaklinga. Ljóst er að skilvirkt upplýsingaflæði á milli aðila minnkar líkur á að farið verði með réttindi fatlaðra einstaklinga í heimildarleysi, en með því er stuðlað að því að árangur hljótist í samræmi við markmið lagasetningarinnar.

SFF gera jafnframt athugasemd við að í frumvarpinu sé ekki fjallað um hvort og hvernig gera megí breytingar á samkomulagi eftir að það hefur verið undirritað og staðfest af sýslumanni. Í núverandi mynd frumvarpsins er eingöngu gert ráð fyrir brottfalli samkomulags í heild sinni, en að öðru leyti er látið nægja að vísa til ákvæða II. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Í framkvæmd er raunhæft að aðstæður fatlaðs einstaklings taki breytingum eftir undirritun samkomulags, með tilheyrandi breytingum á þörfum viðkomandi fyrir aðstoð persónulegs talsmanns. Í þessu samhengi má taka 3. tölul. 11. gr. frumvarpsins sem dæmi, en þar er lagt til að fela megí persónulegum talsmanni að annast greiðslu reglulegra krafna sem sérstaklega eru tilgreindar í samkomulagi. Í framkvæmd gætu komið upp praktísk vandamál þegar breytingar verða á reglulegum útgjöldum fatlaðs einstaklings. Í ljósi áforma um stöðluð form fyrir umboð og samkomulag um persónulegan talsmann telja SFF vert að tekið verði til skoðunar hvort skýra þurfi nánar hvernig standa skuli að breytingum á samkomulagi eftir undirritun og hvernig upplýsingum um slíkar breytingar verður komið áleiðis til þriðja aðila.

### **10. gr. frumvarpsins**

---

<sup>1</sup> Í umfjöllun greinargerðar eru þeir sem málið varðar tilgreindir nánar, en með því er átt við hinn fatlaða einstakling, persónulegan talsmann, þá sem staðfestu vilja hins fatlaða einstaklings og lögráðamann hins fatlaða einstaklings, ef við á.

Með 3. mgr. 10. gr. er sýslumanni heimilað að kalla eftir upplýsingum og gögnum frá hinum fatlaða einstaklingi og þjónustuaðilum, þ. á m. fjármálafyrirtækjum ef samkomulag um persónulegan talsmann tekur til ráðstöfunar fjármuna sbr. 3. og 4. tölul. 11. gr. Í umfjöllun greinargerðar um ákvæðið kemur fram að talið sé nauðsynlegt að tryggja sýslumanni sjálfstæða heimild til að kalla eftir gögnum, komi til þess að persónulegur talsmaður verði ekki við kröfu sýslumanns um nánari skýringar eða framlagningu gagna, eða ef efasemdir eru um réttmæti þeirra. SFF velta því upp hvort heimild sýslumanns sé ætlað að ná til hvers konar upplýsinga eða sé einkum ætlað að gilda um upplýsingar af ákveðnu tagi. Af umfjöllun greinargerðar um 3. mgr. 10. gr. má ráða að skilyrðið um „nauðsyn“ sé eingöngu uppfyllt hafi persónulegur talsmaður ekki orðið við kröfu sýslumanns eða efasemdir séu um réttmæti þeirra upplýsinga eða gagna sem persónulegur talsmaður hefur látið sýslumanni í té. Samtökin telja mikilvægt að skilgreint verði nánar í lögum eða í reglugerð ráðherra skv. 6. tölul. 13. gr. frumvarpsins við hvaða aðstæður skilyrðið um „nauðsyn“ telst uppfyllt gagnvart þeim þjónustuaðilum er veitt hafa fötluðum einstaklingi þjónustu sem samkomulag um persónulegan talsmann tekur til. Loks benda samtökin á að mikilvægt sé að horfa til samspils ákvæða um þagnarskyldu við frumvarpið.

### **11. gr. frumvarpsins**

Fjallað er um inntak þeirrar aðstoðar sem persónulegur talsmaður veitir fötluðum einstaklingi og þær heimildir sem honum eru veittar með samkomulagi í tölul. 11. gr. frumvarpsins. Lagt er til að ráðherra verði heimilað að kveða nánar á um störf og heimildir persónulegra talsmanna og umboðsmanna í 2. tölul. 13. gr. frumvarpsins.

Í umfjöllun greinargerðar kemur fram að aðgangur persónulegs talsmanns að fjárhagslegum upplýsingum hins fatlaða einstaklings sé tilgreindur í 2. tölul. 11. gr., en með ákvæðinu er persónulegum talsmanni veittur réttur til aðgangs að „öllum gögnum“ um meðferð fjármuna úr sameiginlegum sjóðum sem hinn fatlaði einstaklingur greiðir í. Þar sem orðalag ákvæðisins er víðtækt ítreka samtökin mikilvægi þess að hlutverk, inntak og mögulegar takmarkanir á heimildum persónulegs talsmanns séu skýrð nákvæmlega. Taka mætti sem dæmi ef fyrirhugað er að persónulegur talsmaður geti kallað eftir gögnum frá fjármálastofnunum þarf að vera ljóst hvert inntak heimildarinnar sé, hvað þurfi að koma fram í slíkri beiðni og hvort öll skilyrði (ef heimildin er háð skilyrðum) séu uppfyllt.

Í 3. tölul. 11. gr. er lagt til að persónulegum talsmanni verði heimilt að sjá um greiðslu daglegra útgjalda og reglulegra krafna af sérgreindum bankareikningum fatlaðs einstaklings „í gegnum bankaþjónustu, þ.m.t. heimabanka“. Samtökunum þykir merking hugtaksins „bankaþjónusta“ óljós í þessu samhengi og telja þörf á nánari skýringum. Þá þykir SFF vert að taka til skoðunar hvort heppilegra sé að nota hugtakið „netbanki“ í stað „heimabanki“. Samtökin velta fyrir sér hversu víðtækan aðgang að netbanka fatlaðs einstaklings verði unnt að veita með samkomulagi og hvort þörf sé á að tiltekin mörk verði ákveðin í frumvarpinu, áður en heimildin verður útfærð nánar í reglugerð.

Samtökin benda að lokum á að í líkt og í tilviki 2. tölul. 11. gr. kunni að vera tilefni til að afmarka nánar innan hvaða ramma inntak heimilda persónulegs talsmanns verði útfært í reglugerð.

## **12. gr. frumvarpsins**

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að fatlaður einstaklingur geti valið sér umboðsmann, ákveðið heimildir hans og gildistíma umboðs í samráði við sýslumann. Í umfjöllun greinargerðar um 12. gr. segir að með ákvæðinu sé veitt skýr lagastoð fyrir því að sýslumaður aðstoði fatlað fólk við veitingu afmarkaðra umboða, sem geri fötluðu fólki kleift að sækja nauðsynlega þjónustu og gæta hagsmuna sinna á þann hátt sem hentar hverjum og einum best. Í frumvarpsdrögum er ekki kveðið nánar á um þær valdheimildir sem heimilt er að fela umboðsmanni, en lagt er til að ráðherra setji nánari reglur um heimildir umboðsmanns í reglugerð.

Samtökin gera athugasemd við að ekki sé lagt til að umboðsmenn uppfylli sérstök hæfisskilyrði og benda til samanburðar á kröfur um hæfi persónulegra talsmanna sem lagðar eru til í 7. gr. frumvarpsins. Samtökin óska eftir skýringum á því hvers vegna séu gerðar sérstakar kröfur um hæfi þeirra sem taka að sér hlutverk persónulegs talsmanns en ekki þeirra sem gegna hlutverki umboðsmanns.

Sökum takmarkaðrar umfjöllunar þykir samtökunum óljóst hversu umfangsmiklu hlutverki umboðsmanni er ætlað að þjóna. Þrátt fyrir að ráðherra sé eftirlátið að ákvarða hlutverk og heimildir umboðsmanns nánar í reglugerð er tilefni til að hlutverk umboðsmanns sé skýrt nánar í frumvarpinu.

SFF benda á að ekki sé ljóst hvort og að hvaða leyti hlutverk og heimildir persónulegs talsmanns og umboðsmanns geti skarast á, og hvergi komi fram hvort sama aðila sé heimilt að gegna báðum hlutverkum. Þar að auki telja samtökin þörf á nánari skýringum varðandi að hvaða leyti umboð skv. 12. gr. frumvarpsins séu frábrugðin umboðum, veittum á grundvelli ákvæða II. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Þá velta SFF upp hvort nóg sé að gert með frumvarpi þessu í að tryggja fötluðum einstaklingum, og þá sérstaklega einstaklingum sem eru með andlega eða vitsmunalega skerðingu, eins og það er orðað í 1. gr. í samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. umfjöllun í greinargerð með drögum að frumvarpinu, raunverulegan aðgang að fjármunum sínum eins og markmið laganna gerir ráð fyrir.

Að lokum ítreka SFF að leitast er við að taka jákvætt skref er að sinna réttarbót fyrir þann viðkvæma hóp sem um ræðir. Telja samtökin því mikilvægt að benda á framangreind atriði í því ljósi að tryggt verði að framkvæmd þess verði sem best úr garði gerð. SFF eru boðin og búin að funda sérstaklega með ráðuneytinu hvað málið varðar m.a. til þess að útfærsla sem snýr að bankaþjónustu og tengdum þáttum verði þannig úr garði gerð að hún gangi upp út frá löggjöf og praktískum þáttum. Samtökin áskilja sér rétt til þess að koma að frekari ábendingum eða athugasemdum síðar.

**Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,**



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur SFF